

Rannsókn á spönsku veikinni árið 1918



Ársæll Jónsson

arsaellj@landspitali.is

Á Íslandi hefur upplýsingasöfnun á sviði heilbrigðismála verið á margan hátt með ágætum og skipað landanum á fremsta bekk meðal þjóða hvað það varðar. Í viðtali Læknablaðsins við Magnús Gottfredsson smitsjúkdómalækni (Læknablaðið 2007; 93: 618-23) um hans áhuga-verðu rannsókn um spönsku veikina o.fl getur hann heimilda og segir: „Hér á Íslandi vitum við nákvæmlega hvernig hún barst til landsins og síðan er hægt að gera sér grein fyrir því hvernig veikin lamaði þjóðfélagið frá degi til dags, þar sem samtímaheimildir eins og Morgunblaðið og Heilbrigðisskýrslur eru mjög greinargóðar.“

Af þessu tilefni fannst mér áhugavert að fletta uppí Læknablaðinu í greinar Þórðar Thoroddsen um spönsku veikina á Íslandi árið 1918 (Inflúensan fyrr og nú. Læknablaðið 1919; 5: 17-23/33-8/74-9). Þórður var svo sannarlega í eld-línunni og stundaði sjúklinga sína í heimahúsum 18-20 klukkustundir á dag og, eins og sönnum syni Hippókratesar sæmir, skrifaði hvert tilvik niður og fylgdi eftir. Það er með ólíkindum hvað hann afkastaði miklu í þessum hildarleik, læknaði og líknaði og fylgdist með afdrifum sjúklinga sinna. Mér var sagt að Þórður hafi ferðast um moldargötur Reykjavíkur á hjóli. Sem stórtemplar hann hefur trúlega ekki verið reykingamaður en ég minnst þess að Bjarni Snæbjörnsson, sem annaðist sjúklinga spönsku veikinnar í Hafnarfirði, taldi að vindlareykurinn hefði bjargað sér frá að smitast.

Spánska veikin barst til Reykjavíkur með Botnúi 20. október. Þórður sá fyrsta sjúklinginn átta dögum síðar og síðasta sjúklinginn 6. desember. Alls vitjaði hann og skráði 1232 sjúklinga, 561 karl og 671 konu. Að jafnaði hefur hann séð

um 30 sjúklinga á dag en talan er mun hærri því margra vitjaði hann oftar en einu sinni. Sjúkdómurinn virtist herja mest á miðaldra fólk og vera vægari meðal barna og gamalmenna. Alls létust 77 af sjúklingum Þórðar, eða 6,3%. Flestir höfðu smitast á mannamótum (í bíó) og það tókst að stöðva útbreiðslu veikinnar til norður- og austurlands. Fyrir þeim aðgerðum voru fordæmi, sem Þórður rekur í greininni.

Grein Þórðar er hafsjør af faraldsfræðilegum og klínískum upplýsingum. Meginhluti hennar er umfjöllun um fyrri influensufaraldra á Íslandi. Rekur hann rannsóknir og skrif nokkurra kollega og annarra. Má þar t.d. nefna grein Jóns Hjaltalíns landlæknis í Edinb. Med. Journal árið 1863. Menn hafa á þessum tíma ekki verið feimnir við að senda inn greinar í erlend tímarit. Grein Þórðar er ítarleg og birtist í þrem hlutum árið eftir að veikin geisaði. Á þessum árum kom Læknablaðið út í 2-3 eintökum á ári. Greinin er enn í dag mikill efniviður fyrir smitsjúkdómalækna og faraldsfræðinga og einnig fyrir heimilislækna og aðra geti hún verið fordæmi til vitjana í heimahús (á reiðhjólí?).

Í bókinni Læknar á Íslandi (Þjóðsaga, 2000) segir að Þórður hafi orðið cand. med. frá Læknaskólanum árið 1881, framhaldsnám í Kaupmannahöfn og Osló, héraðslæknir í Keflavík til 1904 og síðan praktiserandi læknir í Reykjavík. Meðfram læknisstörfum var hann prófdómari við Læknaskólann (10 ár), alþingismaður (7 ár), kaupfélagsstjóri og framkvæmdastjóri þilskipafélags (3 ár), gjaldkeri við Íslandsbanka (5 ár), umdæmistemplar (13 ár), stórtemplar (8 ár), hreppsnefndarmaður (4 ár) og stjórnarmaður í Rauða Krossi Íslands (15 ár).

Höfundur er
öldrunarlæknir